

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zophoníasson og Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Guðmund Þór Guðmundsson og Kristján Björnsson frá Biskupsstofu, Sveinbjörn Jóhannesson frá Þingvallaprestakalli og Hjalta Hugason frá guðfræðideild Háskóla Íslands. Umsagnir bárust um málið frá guðfræðideild Háskóla Íslands, sóknarnefnd Þingvallakirkju, Biskupsstofu og Andlegu þjóðarráði bahá'ía á Íslandi.

Í frumvarpinu er lagt til að íslenska ríkið afhendi þjóðkirkjunni til eignar prestssetur samkvæmt samkomulagi þar að lútandi frá 20. október 2006. Jafnframt er lagt til að biskupi Íslands verði fengið vald til að skipa sóknarpresta í embætti í stað dóms- og kirkjumálaráðherra eins og nú er.

Nefndin fagnar því að með frumvarpinu skuli vera leyst úr þeim ágreiningi sem verið hefur milli ríkis og kirkju um eignarhald á prestssetrum og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álit þessu.

Alþingi, 6. mars 2007.

Bjarni Benediktsson,
form., frsm.

Guðjón Ólafur Jónsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson,
með fyrirvara.

Björgvin G. Sigurðsson,
með fyrirvara.

Birgir Ármannsson.

Ellert B. Schram.

Kjartan Ólafsson.

Sigurður Kári Kjartansson.

Sigurjón Þórðarson,
með fyrirvara.